



Stjórn SSH 403. fundur

Föstudaginn 6. júní 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Jón Gnarr, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Guðný Ívarsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Ennfremur sátfundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH, S.Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra og framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Áður en gengið var til dagskrár fundarins kvaddi Jón Gnarr sér hljóðs og flutti samstarfsmönnum sínum í stjórn SSH þakkir fyrir samstarf á þessum vettvangi á liðnu kjörtímabili, í ljósi þess að þetta er síðasti stjórnarfundur sem hann situr. Hið sama gerði Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir sem nú lætur af störfum sem bærarstjóri Hafnarfjarðar, og að auki kvaddi hún aðra stjórnarmenn og framkvæmdastjóra með gjöfum. Aðrir fundarmenn þökkðu Jóni og Guðrúnar Ágústu fyrir samstarfið.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013 og 2014.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefna- og fjárhagsstöðu vegna vinnu við verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013. Jafnframt var upplýst að gengið hafi veið frá samningi milli SSH og fjármálaráðherra um 18 m. kr. verkefnaframlag fyrir árið 2014. Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að ráðstöfun þeirra fjármuna, sem unnar hafa verið af honum og verkefnisstjórum sóknaráætlunar.

Samþykkt að fyrirbyggjandi verkefnahugmyndir verði mótaðar frekar og lagðar til grundvallar verkefnatillögu í samræmi við ákvæði samnings um fjámögnun sóknaráætlunar 2014

2. **Umdæmamörk sýslumannsembætta.**

Fyrir lá erindi frá innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar SSH um hugmyndir að umdæmamörkum nýrra sýslumannsembætta og staðsetningu aðalskrifstofa og annarra skrifstofa sýslumanna.

Niðurstaða:

Stjórn SSH fagnar því að horft sé til aukinnar hagræðingar í rekstri sýslumannsembættanna, en leggur áherslu á að þeirri hagræðingu fylgi ekki skerðing þjónustu. SSH telur að í samstarfi ríkisins og sveitarfélaganna um þessa þjónustu liggi verulegt sóknarfæri sem vert sé að skoða og lýsir sig reiðubúna til viðræðna við ríkið um slíkt samstarf á höfuðborgarsvæðinu.

3. **Umræða um kosningar og tilnefningar í stjórnir / ráð og nefndir á vegum SSH, byggðasamlaganna, svæðisskipulagsnefnd og samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna.**

Fyrir fundinum lá samantekt framkvæmdastjóra um málið, ásamt minnisblaði sem sent var á stjórnsýslusvið aðildarsveitarfélaganna.

4. Önnur mál.

a) Starfsleyfisumsókn SORPU bs. í Álfnesi

H.Sv. vakti máls á því ósamræmi sem er í auglýsingu Umhverfisstofnunar á tímalengd v. endurnýjunar á starfsleyfi SORPU bs. í Álfnesi annars vegar, og hins vegar þeirra tímamarka sem fram koma í eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélaganna frá 25. október sl. H.Sv. taldi þörf á að málið veði tekið fyrir á eigendavettvangi byggðasamlagsins.

Umræður

Niðurstaða:

Þar sem málið er til umfjöllunar í stjórn SORPU bs. telur stjórn SSH ekki tímabært að kalla til eigendafundar vegna málsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55